



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

343. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 19. mars 2014 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Ingvar Grétar Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. mars 2014.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. febrúar 2014 liggur frammi á fundinum.

2. Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.

Fyrir liggur að tilnefna þarf fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. sem haldinn verður 27. mars n.k. Samþykkt er að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Hörður Óli Guðmundsson til vara.

3. Beiðni um styrk frá félaginu Eyðibýli – áhugamannafélag.

Fyrir liggur beiðni frá félaginu Eyðibýli - áhugamannafélag um styrk vegna verkefnisins Eyðibýli á Íslandi að fjárhæð kr. 100.000. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

4. Erindi frá Suðurlandi FM – Útvarp Suðurlands.

Fyrir liggur erindi frá Suðurlandi FM – Útvarp Suðurlands þar sem sveitarfélaginu er býðst að koma með jákvæðar fréttir úr sveitarfélaginu tvisvar sinnum í mánuði, tilkynningar ofl. fyrir kr. 15.000 á mánuði. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna efnistöku í Seyðishólum.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 3. mars 2014, vegna efnistöku í Seyðishólum. Oddvita falið að ræða framhald málsins við skipulagsfulltrúa.

6. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita 50% afslátt af gatnagerðargjöldum lóða sem úthlutað er á árinu 2014 enda hefjist framkvæmdir inn árs frá úthlutun lóðar.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 233. stjórnarfundar 27.02 2014.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 813. stjórnarfundar, 28.02 2014.
- ✓ Niðurstaða könnunar á viðhorfi sunnlendinga til gjaldtöku á ferðamannastöðum á Suðurlandi.
- ✓ Bréf frá Ungmennafélagi Íslands, dagsett 28. febrúar 2014 þar sem sagt frá ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ 2014, dagana 9. – 11. apríl n.k.
- ✓ SÍBS blaðið, 1. tbl. 30. árg. 2014.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00